



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur um viðurkenningar til útskriftarnema grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 10. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Við lok grunnskólagöngu nemenda hefur lengi verið hefð fyrir því að einstaka skólar veita viðurkenningu til þeirra útskriftarnema sem hafa náð tilteknum árangri. Eru til miðlægar reglur eða viðmið um þetta efni sem skóla- og frístundasvið hefur gefið út? Ef ekki, eru til óformlegar reglur um þetta innan reykvíska skólasamfélagsins? Sem dæmi, eru einhver viðmið til sem tryggja að litið sé til jafnrétti kynjanna við veitingu verðlauna og viðurkenningar til útskriftarnema í grunnskóla?

Svar:

Skóla- og frístundasvið hefur ekki sett miðlægar reglur eða viðmið um viðurkenningu eða verðlaun til nemenda sem eru að útskrifast úr 10. bekk í grunnskólum borgarinnar.

Skóla- og frístundasviði er ekki kunnugt um að til séu óformlegar reglur um slík viðmið innan reykvíska skólasamfélagsins. Miðað við óformlega könnun er um þriðjungur skóla sem veitir ekki verðlaun eða viðurkenningar vegna námsárangurs við útskrift úr 10. bekk grunnskóla en hefur í staðinn leyst allan nemendahópinn út með bókagjöfum eða blómum. Rökin fyrir því eru m.a. þau að stjórnendur eða kennarar vilji ekki gera upp á milli nemenda sinna á þessum tímamótum.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki upplýsingar um hvort til séu viðmið í einstaka skólum eða hverfum sem tryggja að litið sé til jafnréttis kynjanna við veitingu verðlauna og viðurkenninga til útskriftarnema í grunnskóla.